

S T A R F S R E G L U R
um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar –Biskupsstofu
nr. 981/2020.

1. gr.

- Kirkjuþing kýs kjaranefnd Þjóðkirkjunnar –Biskupsstofu.
- Í starfsreglum þessum skal heiti nefndarinnar vera kjaranefnd kirkjunnar.

2. gr.

- Hlutverk kjaranefndar kirkjunnar er:
 1. Að gæta hagsmuna Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu gagnvart samtökum þeirra launþega sem ráðnir eru þar til starfa, sérstaklega að því er varðar kaup og kjör.
 2. Að koma fram sem samningsaðili fyrir hönd Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu gagnvart stéttarfélögum hlutaðeigandi starfsfólks eða öðrum þeim, sem umboð hafa til slíkrar samningsgerðar.
 3. Að vinna að því að móta starfskjarastefnu Þjóðkirkjunnar–Biskupsstofu.

3. gr.

■Kjaranefndar kirkjunnar hefur óskorað umboð til samningsgerðar við þá sem tilgreindir eru í 2. tölul. 2. gr. Samningar kjaranefndarinnar skulu þó undirritaðir með fyrirvara um samþykki kirkjuþings.

4. gr.

■Kjaranefnd kirkjunnar er skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara, sem kosnir eru til fjögurra ára í senn. Skulu nefndarmenn vera skráðir í þjóðkirkjuna og mega þeir ekki gegna launuðu starfi sem greitt er fyrir af hálfu Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu. Enginn getur setið nema tvö kjörtímabil samfelld í nefndinni. Nefndin er kosin á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir kirkjuþingskosningar. Kirkjuþing ákveður hver skuli vera formaður kjaranefndarinnar, auk þess sem kosinn skal varaformaður. Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Skal fyrsti varamaður gegna formennsku í kjaranefndinni hátti svo til að allir aðalmenn í kjaranefnd starfi ekki að tilteknum samningum.

□Forfallist aðal- eða varamaður í kjaranefnd kirkjunnar varanlega, skal á næsta kirkjuþingi kjósa nýjan í hans stað er sitji út kjörtímabil nefndarinnar.

□Skyld er nefndarmönnum að gæta þagmælsku um það sem fram kemur á fundum og leynt á að fara eftir ákvörðun fundar eða samkvæmt eðli máls.

5. gr.

■Formaður kjaranefndar kirkjunnar ákveður hvenær nefndin skuli koma saman og hvar fundir skulu haldnir. Skyld er þó að kalla nefndina saman ef meiri hluti nefndarmanna óskar þess.

□Fundir í kjaranefnd kirkjunnar eru lögmætir hafi þeir verið boðaðir með minnst eins sólarhrings fyrirvara með dagskrá og meiri hluti nefndarinnar er mættur.

6. gr.

■Í aðdraganda að gerð kjarasamninga skal kjaranefnd kirkjunnar hafa samráð við fjárhagsnefnd kirkjuþings og kirkjuráð. Kjaranefndin og kirkjuráð, ásamt fjárhagsnefnd kirkjuþings, hafa gagnkvæman rétt til að óska eftir samráðsfundi þeirra í millum, þegar þurfa þykir.

□Fundargerðir kjaranefndarinnar skulu, svo fljótt sem auðið er, vera aðgengilegar í gagnaherbergi kirkjuþings.

□Þjóðkirkjan – Biskupsstofa annast nauðsynlega þjónustu við kjaranefndina eins og nefndin kann að óska eftir.

□Þóknananefnd þjóðkirkjunnar ákvarðar þóknun til kjaranefndar kirkjunnar.

7. gr.

■Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.